

Hafnarfirði, 1. nóvember 2022

Minnisblað – Umhverfis- og auðlindastefna

Hafnarfjarðarbær kolefnisjafnar rekstur sveitarfélagsins gegnum samning við Kolvið. Kolefnisjöfnunin er á þann hátt að rekstur hvers árs er jafnaður árið eftir. Hér að neðan má sjá hvernig undanfarin þrjú ár hafa verið.

- 2018 – 890 tonn CO₂ = 8.900 tré
- 2019 – 845,8 tonn CO₂ = 8.458 tré
- 2020 – 839,4 tonn CO₂ = 8.394 tré

Samið hefur verið við ráðgjafafyrirtækið Arcur um stefnumótun fyrir sveitarfélagið. Stefnumótunin verður unnin í samvinnu við kjörna fulltrúa og embættisfólk og verður þar m.a. horft til Umhverfis- og auðlindastefnunnar og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Guðmundur Elíasson

Umhverfis- og veitustjóri